

Samningur um rekstur á Árbliki

Dalabyggð (kt. 510694-2019), hér eftir nefnt eigandi og Guðrún Esther Jónsdóttir (kt. 310769-4529) og Sigurdís Elísa Lilja Sigursteinsdóttir (kt. 151279-4309) fyrir hönd óstofnaðs félags, hér eftir nefnt rekstraraðili, gera með sér svofelldan samning:

1. grein

Rekstraraðili tekur að sér stjórn, umsjón og rekstur félagsheimilisins Árbliks í Dalabyggð. Í því felst allt sem varðar almennan rekstur m.a. eftirfarandi:

- Almenn þjónusta á svæðinu
- Daglegt viðhald húss og lóðar
- Markaðssetning og auglýsingar

Rekstraraðila ber að gæta snyrtimennsku og þrúðmennsku við öll störf og umgengni í tengslum við Árblik.

Rekstraraðili hefur leyfi til að ráðast í eftirfarandi framkvæmdir. Rekstraraðili mun framkvæma þessar breytingar á eigin kostnað og verða þær eign Dalabyggðar að loknum leigutíma. Gæta skal þess að breytingar sem gerðar eru á húsinu sé afturkræfar. Skal rekstraraðili sjá um að fjarlægja þær á sinn kostnað í lok leigutíma ef eigandi óskar eftir því. Það efni eða tæki sem verður fjarlægt að ósk eiganda verður eign rekstraraðila að leigutíma loknum.

- Setja niður rotþró, fyrir tæmingu húsbíla.
- Koma upp vatnsáfyllingu þarf að koma upp og skiltum.
- Stækka tjaldsvæðið og gróðursetja tré meðfram girðingu og sem skjól á tjaldsvæði.
- Setja upp hleðslustöð fyrir rafbíla
- Setja upp hurð til að geta lokað stóra salnum og að loka fatahenginu.

2. grein

Rekstraraðili hefur m.a. samskipti við eftirfarandi:

- Verkefnastjóra, umsjónarmann fasteigna og sveitarstjóra.
- Aðra ferðaþjónustuaðila í Dalabyggð

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili komi á fund atvinnumálanefndar einu sinni á ári og oftar ef nefndin óskar eftir því. Á árlegum fundi, sem fram skal fara að hausti, fer rekstraraðili yfir starfsemina og áætlanir komandi árs.

3. grein

Dalabyggð sér um eftirfarandi:

- Fasteignagjöld og lögbundnar tryggingar af húsnæði.
- Allt meiriháttar viðhald húsnæðis og svæðis verður í samræmi við fjárhagsáætlun Dalabyggðar á hverju ári og skal gerður samningur um framkvæmd þess.

Rekstraraðili sér um allan annan kostnað sem fellur til vegna reksturs Árbliks á samningstímanum.

4. grein

Rekstraraðili skuldbindur sig til að sá rekstur sem í húsinu verður, sé með öll tilskylin leyfi í samræmi við lög og reglugerðir.

5. grein

Búnaður sem fylgir húsinu er talinn upp í fylgiskjali 1.

Við upphaf og lok samningstímans skal fara fram ástandsskoðun, framkvæmd af óháðum aðila. Úttekt við upphaf leigutíma verður greidd af eiganda en úttekt í lok leigutíma af rekstraraðila.

GEYBLES

6. grein

Rekstraraðili fær aðstöðuna leigða til reksturs og greiðir eiganda 8% af tekjum að fráðregnum virðisauka- og gistináttaskatti. Greiðsla skal að lámarki vera kr. 100.000 á mánuði. Föst lágmarksleiga er ekki greidd vegna apríl og maí 2022 en greiða skal 8% af tekjum. Félagasamtök eiga búnað og hluti í húsinu og hafa þau apríl og maí til að fjarlægja hann.

Lágmarksleiga skal breytast skv. neysluvísitölu einu sinni á ári, fyrst 1. apríl 2023. Viðmiðunarvísitala er neysluvísitala fyrir apríl 2022.

Rekstraraðili ber allan almennan rekstrarkostnað af húsinu frá upphafi leigusamnings og út samningstímann.

Greiðslur skal inna af hendi samhliða uppgjöri virðisaukaskatts af rekstrinum og skulu afrit af skýrslum um aðsókn lögð fram.

7. grein

Samningurinn gildir frá 1. apríl 2022 til 31. mars 2025. Heimilt er að framlengja hann óbreyttan, tvisvar sinnum í eitt ár í senn.


Báðir aðilar geta sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg.

Komi til ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem samningsaðilar geta ekki leyst sín á milli skal hann leystur fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.


Dalabyggð, 31. mars 2022.


Fyrir hönd Dalabyggðar
Kristján Sturluson, sveitarstjóri
Með fyrirvara um staðfestingu byggðarráðs
og sveitarstjórnar.


F.h. rekstraraðila


F.h. rekstraraðila

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn og kennitala


Nafn og kennitala